

Nemendur eldri deildar skulu einir njóta vaxtanna þennan tíma. Ákveður **12**
kennarafundur hve margir nemendur skulu njóta styrks á ári hverju og hve **16. marz**
háar upphæðir hverjum skuli greiddar.

Fyrsta úthlutun fer fram af vöxtum ársins 1931.

4. gr.

Skólaráð húsmæðraskólans á Hallormsstað hefur á hendi yfirumsjón sjóðs-
ins, en að öðru leyti hefur forstöðukona skólans ráðsmennsku hans.

Reikningur sjóðsins skal árlega birtur á þann hátt, sem skólaráðið telur
hentugast.

5. gr.

Verði húsmæðraskólinn á Hallormsstað lagður niður ákveður stjórn skól-
ans um leið og bú hans er gert upp hvernig starfsemi sjóðsins skuli háttað í
framtiðinni. En taka skal fyllsta tillit til óska og vilja gefendanna eins og hann
kemur fram í afhendingarbréfi sjóðsins.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Fullgerð á Hallormsstað 4. september 1932.

Forstöðukona húsmæðraskólans á Hallormsstað.

Sigrún P. Blöndal.

Í skólaráði húsmæðraskólans á Hallormsstað.

Páll Hermannsson.

Margrét Pétursdóttir.

Björn Hallsson.

S A M Þ Y K K T

13

um forkaupsrétt og forleigurétt Eskifjarðarhrepps á hafnarmannvirkjum o. fl. **17. marz**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða
og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps
gert eftirfarandi samþykkt:

Eskifjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu er áskilinn forkaupsréttur og forleigu-
réttur á eftirgreindum fasteignum í hreppnum:

Á fasteignum h.f. Andra á Eskifirði, þeim er hér greinir:

Hafskipabryggju ásamt 3 vörugemysluhúsum og verzlunar- og skrifstofu-
húsi, íbúðarhúsi og is- og frystihúsi.

Á fasteignum h.f. Andra á Eskifirði, þeim er hér greinir:
íbúðarhúsi h.f. Andra.

13 Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar
17. marz að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngmálaráðuneytið, 17. marz 1933.

Magnús Guðmundson.

Páll Pálmason.

14
17. marz

REGLUGERÐ

um meðferð og framleiðslu á gasi til iðnaðar og um búnað og meðferð hylkja fyrir þjappað loft, svo og um hreinsun og viðgerð á benzintunnum.

I. Ákvæði fyrir smá tæki til framleiðslu á acetylgasi til notkunar í málmiðnaðarfyrirtækjum.

1. gr.

Vinnustofur þær, sem í eru tæki til gasframleiðslu, skulu hafa góða loftrás og eigi má ætla hverju tæki minna en 60 m³ loftrúm og 20 m² gólflöt.

Tækin skulu vera minnst 3 m. frá þeim stað þar sem gasið er notað. Ef fleiri en eitt tæki er í stofu, skal minnsta fjarlægð milli tækjanna vera 6 m.

2. gr.

Gæta skal þess vandlega að pípur allar séu þéttar. Þegar þéttleiki pípa er prófaður, skal það gert á þann hátt, að bera á þær sápuvatn, en ekki leita að lekastaðnum með eldi eða loga.

3. gr.

Á tæki hverju skal vera öryggisloki, er standi í sambandi við vatnshol tækisins, þannig að þegar lokinn opnar komi út um hann aðeins vatn en ekki gas.

4. gr.

Á milli vatnshols og gashols hylkisins skal vera pípa með vatnslás eða öðru öryggi, er hindri gasið í að komast í vatnsholið. Á pípu þessari skal einnig vera stífla, sem stilla meggi með aðstreymi vatnsins.

Vatnshæð tækisins skal vera hægt að prófa með vatnshæðarlás og skal þess að jafnaði vandlega gætt að hæfilega mikið vatn sé á tækinu.

5. gr.

Þegar vatni eða carbíð er bætt á tækið skal þess vandlega gætt, að þrýstingurinn á tækinu sé áður fallinn niður í þrýsting andrúmsloftsins. Gæta skal þess vandlega, að enginn eldur sé í vinnustofunni þegar áfylling er framkvæmd.